

Sb.

41. Fyrirspurnir.

[38. mál]

I. Til menntamálaráðherra um stöðu Félagsheimilasjóðs.

Frá Jóhannesi Árnasyni.

1. Hversu mörg félagsheimili, sem eru í smíðum eða fullbúin, njóta nú styrks úr Félagsheimilasjóði skv. lögum nr. 107 frá 1970?
2. Hver er skuld Félagsheimilasjóðs á lögboðnum 40% hluta stofnkostnaðar þessara félagsheimila, skipt eftir kjördæmum?
3. Hvað er áætlað að það muni taka Félagsheimilasjóð langan tíma að greiða upp umrædda skuld miðað við núverandi tekjustofna sjóðsins?
4. Hefur Félagsheimilasjóður notfært sér heimild í 5. mgr. 3. gr. laga nr. 107 frá 1970 til útgáfu skuldabréfa og þá í hve ríkum mæli?

II. Til menntamálaráðherra um vinnuálag í skólum.

Frá Halldóri Blöndal.

Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis frá 22. febr. 1973, 2. tl., um vinnuálag í skólum?